

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. júní 2009  
Tilvísun: UST20090600051/bs

### Breyting á veglínu við Klapparós. Hófaskarðsleið Norðausturvegar. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er fjallað um tvær tillögu að tengingu Hófaskarðsvegar og Norðausturvegar. Veglína 162 sem ráðgert er að liggi skammt sunnan Klapparóss við norðurenda Borgarás og veglína 165 sem er nyrst í Presthólahrauni sunnan við Borgarás.

**Veglína 162:** Þessi lína þverar Lindir við Norðausturveg, meðfram Klapparósi að Borgarási. Ráðgert er að taka skeringu í norðurenda ássins, þaðan á fyllingu um ósinn milli sem verður þveraður milli stöðva 800-900. Þaðan liggur línan um votlendi að heimreið að Katastöðum nærri st.1200.

Umhverfisstofnun telur að þessi veglína muni hafa talsverð neikvæð áhrif á landslag og votlendi. Hún muni valda verulegu raski í fallettu umhverfi og hafa talsverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Að öllu samanlögðu er hér um að ræða veglínu sem að mati Umhverfisstofnunar er líkleg til hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

**Veglína 165:** Línan liggur frá Norðausturvegi á um 1050 m lögnum kafla um lítt raskaðan hluta Presthólahrauns. Líklegt er að einum gervígig verði raskað á þessari leið. Veglínun mun þvera Klapparós og raska votlendi á stuttum kafla við heimreið að Katastöðum.

Umhverfisstofnun telur að þessi veglína muni hafa talsverð neikvæð áhrif á hraun og gervígiga í för með sér. Stofnunin telur að veglínur 150 og 165 séu það sambærilegar að ekki sé ástæða til að vegleið 165 fari í mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal forðast röskun eldhrauna og gervígiga eins og kostur er. Til að forðast röskun þessara jarðmyndana telur Umhverfisstofnun að leggja eigi áherslu á að nýta núverandi heimreið að Katastöðum eins og kostur er sem vegstæði tengingar Hófaskarðsleiðar við Norðausturveg. Þetta er í samræmi við það álit Umhverfisstofnunar að nýta beri mannvirki sem fyrir eru ef þess er nokkur kostur í stað þess að taka nýtt land til mannvirkjagerðar. Heimreiðin liggur um sethjalla sem þegar hefur verið raskað vegna efnistöku. Slíkar jarðmyndanir henta að öllu jöfnu betur til

vegagerðar þar sem flutningur efnis verður í lágmarki auk þess sem auðvelt er að ganga frá ummerkjum sem fylgja mannvirkjagerð af því tagi sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson

*Ólafur A. Jónsson*  
Ólafur A Jónsson  
Deildarstjóri